

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



Dags eftirlits	9.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504438,502 628597,321

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar hreinsun olíuskilju.

## UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöð Olíudreifingar á Siglufirði hefur staðið auð síðan í október 2017 og verið er að leita tilboða í niðurrif geyma og lagna. Tankur 580.01.00 hefur nú þegar verið fjarlægður af lóðinni og hús sem tilheyrðu birgðastöðinni hafa verið fjarlægð.

### Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Lokafrágangur

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Unnið hefur verið eftir skjali EB 4.2.6.2 úr rekstrarhandbók rekstraraðila, um hreinsun birgðastöðvar við rekstrarstöðvun og var frágangi lokið skv. því þann 25. október 2017. Beðið er tilboða við að fjarlægja þá geyma og lagnir sem eftir eru sem og hreinsun lóðar.

Minnt er á að vinna þarf skv. áætlun um frágang birgðastöðvar við niðurrif, skjal nr. VL 4.2.6.4 og skila inn áætlun um hreinsun jarðvegs þegar ákvörðun hefur verið tekin þar um.

Geymar eru tómir og læstir og búið að taka niður stiga við geyma til að hindra aðgengi að þeim. Girðingar liggja niðri og lóðin orðin gróin, mest megnis af lúpínu og punti. Ekki var sjáanleg olíumengun á lóðinni og ekki var olíulykt að finna nema úr olíuskilju.

Engar skráningar eru í rekstrarhandbók þar sem stöðin hefur ekki verið starfrækt síðan árið 2017 og ekki gerð krafa þar um.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram í eftirlitinu er varðar hreinsun á olíuskilju. Olíuskiljan var hreinsuð þegar stöðinni var lokað. Síðan þá virðist olía hafa borist í olíuskilju og er rekstraraðila bent á að tæma hana við tækifæri.

## ANNAÐ

Minnt er á að stöðin helst innan eftirlitsáætlanar Umhverfisstofnunar þar til frágangi lóðarinnar er lokið að fullu og eftirlitstíðnin metin skv. áhættumati sbr. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Reykjavík, 16.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir